**191. fundur íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 19. desember 2018 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Elísabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Aron Guðmundsson aðalmaður, Karen Gísladóttir aðalmaður og Anton Helgi Guðjónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hákon Ernir Hrafnsson.

**Embættismenn:**
Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Halldórsdóttir, Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Einnig sátu fundinn Esther Ósk Arnórsdóttir, tómstundafulltrúi og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar - 2014030027**

Lagður fram verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Frístundarúta - 2016090101**

Á 1041. fundi bæjarráðs 3. desember sl., fól bæjarráð íþrótta- og tómstundanefnd að setja reglur um akstursstyrk til foreldra vegna frístundaaksturs.
Lögð fram drög að reglum um akstursstyrk vegna íþrótta- og tómstundastarfs.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að drögin verði samþykkt með þeim breytingum sem fram komu á fundinum.*

**3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003**

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 13. desember, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, 417. mál. Umsagnarfrestur er til 14. janúar.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2018 - 2018110060**

Kynnt nöfn þeirra íþróttamanna sem tilnefndir eru til kjörs á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2018 og þeim efnilegasta.

*Nefndin valdi íþróttamann Ísafjarðarbæjar 2018 og efnilegasta íþróttamann ársins. Valið verður tilkynnt við athöfn sunnudaginn 30. desember 2018 kl. 16:00 á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:05**

| | |
|---|---|
| Elísabet Samúelsdóttir | Sif Huld Albertsdóttir |
| Aron Guðmundsson | Karen Gísladóttir |
| Hákon Ernir Hrafnsson | Margrét Halldórsdóttir |